

# STJÓRNARFUNDUR BSÍ

## FUNDARGERÐ

<b>Fundarstjóri:</b> Matthías Imsland	<b>Fundur nr. :</b>	<b>2</b>
<b>Fundarritari:</b> Sigurður Páll Steindórsson	<b>Staður:</b>	Síðumúli 37
<b>Fundargestir:</b> Brynjar Níelsson (BN) Dagbjört Hannesdóttir (DH) Guðný Guðjónsdóttir (GG) Gunnar Björn Helgason (GBH) Hrannar Erlingsson (HE) Matthías Imsland (MI) Sigurður Páll Steindórsson (SPS)	<b>Dagsetning:</b>	29.3.2023
	<b>Frá kl.:</b>	
	<b>Til kl.:</b>	
	<b>Næsti stjórnarfundur:</b> Ákveðið síðar	

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar</u> Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2	<u>Reykjavík Bridgefestival</u> Komið er samkomulag um að Reykjavík Bridgefestival verði haldið í Hörpu næstu tvö ár.
3	<u>Ársreikningur</u> MI fór yfir drög að ársreikningi fyrir 2022. Um 5 milljóna tap varð á rekstrinum og skýrist það að miklu leyti af mörgum landsliðsverkefnum og COVID sem hafði áhrif á mótahald o.fl. Stjórnin er sátt við niðurstöðuna.
4	<u>Ársþing</u> Ársþing verður haldið strax að loknum undanúrslitum Íslandsmótsins í sveitakeppni, þann 2. apríl. Engin lagabreytingartillaga hefur verið lögð fram. Fundarstjóri verður Karen Rúnarsdóttir. Ákveðið að MI setji þingið og fari yfir skýrslu framkvæmdarstjóra. Erindi frá Marc van Beijsterveldt verður í lok þingsins um sýn hans á íslenskan bridge.
5	<u>Reksturinn</u> MI fór yfir stöðu rekstrar. Gengur almennt ágætlega. Lögð er áhersla að finna styrktaraðila og reynt verður að selja auglýsingar til fyrirtækja á ný spil sambandsins. Leita til félagsmanna um aðstoð við að finna styrktaraðila.
6	<u>Íslandsmót í sveitakeppni - Undanúrslit</u> 32 sveitir skráðar. Aðstaða í FÁ nokkuð góð skv. MI. Boðið verður upp á frítt kaffi á meðan mótinu stendur og starfsmaður FÁ verður til taks. Marc verður keppnisstjóri ásamt Þórði.
7	<u>Bridgeskólinn</u> Gengur vonum fram. Námskeið hafa verið haldin á Akureyri og í Þorlákshöfn. Nýliðabridge sem Inda hefur umsjón með einnig gengið vel.